


Reykjavík, 29. nóvember 2002

Iðnaðarnefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum. 354. mál.

Rafiðnaðarskólinn gerir ekki athugasemdir við lagafrumvarpið og telur að skilgreining starfa og starfsheita innan tölvugeirans sé til bóta.

Í athugasemdum við frumvarpið er Rafiðnaðarskólans getið í sambandi við “Microsoft Professional Engineer” gætir þar nokkurrar ónákvæmni. Til þess að fá vottunina “Microsoft Certified Systems Engineer” þurfa einstaklingar að standast 7 próf (alþjóðleg próf tekin við viðurkennda prófastofnun). Rafiðnaðarskólinn býður fram þriggja anna nám til undirbúnings þessum prófum. Háskólar í Bandaríkjunum meta hvert þessara prófa til 2 – 3ja eininga.



Sigurður Geirsson skólastjóri